

Ár 2018, þriðjudaginn 30. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 13/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ), sem barst siðanefnd 18. apríl 2017, er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem tíkin uppfyllti ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru fyrir pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 8. júní 2017 og henni gefinn frestur til 6. júlí til að skila inn andmælum. Kærða svaraði ekki og var henni sent ítrekunarbréf dagsett 14. september. Hefur kærða ekki svarað því bréfi. Siðanefnd taldi þar með að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru komin fram og tók málið til úrskurðar.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin A, pöruð við rakkann B, hinn 18. september 2016. Við pörunina uppfyllti tíkin ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru til tegundarinnar þar eð hvorki lágu fyrir niðurstöður úr augnskoðun né mjaðmamyndatöku fyrr en eftir pörun. Hundarnir eru af hundakyninu íslenskur fjárhundur og er Y umráðamaður tíkarinnar og ræktandi gotsins. Kærandi telur að með pöruninni hafi Y gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Y hefur ekki nýtt sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt reynt að útskýra málið þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar.

### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið íslenskan fjárhundur:

„Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.07.1999). Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun. (Gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað uppfyllti tíkin ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru til tegundarinnar þar eð niðurstaða úr augnskoðun og mjaðmamyndatöku lá ekki fyrir fyrir en eftir pörun. Mikilvægt er að niðurstöður þeirra liggi fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar, hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og reyndist ekki vera með arfgengan augnsjúkdóm. Hún hefur einnig verið mjaðmamynduð og reyndist vera með C-mjaðmir. Það breytir þó ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftirá, það gat kærða ekki séð fyrir. Siðanefnd telur þó að þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá verði hæfileg viðurlög við brotinu áminning.

IV. Niðurstaða.

Kærða, Y, telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir